

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4,
101 Reykjavík

Sent í Samráðsgátt stjórnvalda.

Umsögn um tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla; Mál nr. 160/2020

Kennarar í Egilsstaðaskóla fjölluðu um tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá á fundi þ. 28. september sl.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Aðalnámskrá grunnskóla þarf að vera þannig úr garði gerð að hægt sé að kenna eftir henni. Markmið í námskránni þurfa að vera skiljanleg, raunhæf og framkvæmanleg. Endurskoða þarf alla aðalnámskrá grunnskóla með þetta í huga. Þar þyrfti sérstaklega að huga að því að fækka markmiðum en í náttúrugreinum eru 51 markmið sem nemendur eiga að hafa náð í lok 10. bekkjar og 33 í íslensku.

Stefna stjórnvalda undanfarin ár hefur verið á að auka list- og verknám eins og kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá 30. nóvember 2017:

„Ríkisstjórnin ætlar að leggja sérstakra áherslu á listnám og aukna tækniþekkingu sem gera mun íslenskt samfélag samkeppnishæfara á alþjóðavísu. Iðnnám og verk- og starfsnám verður einnig eft í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags.“

Í samræmi við þessa áherslu ætti að vera metnaðarmál að bjóða upp á fjölbreytni í skólastarfi þar sem gott framboð er af list- og verkgreinum, sem höfða vel til margra nemenda.

Þegar settar eru fram tillögur um breytingar af þessu tagi, sem hér er fjallað um, er brýnt að þær séu studdar af vísbendingum og niðurstöðum rannsókna á menntakerfinu okkar. Sérlega skortir á slíkar rannsóknir á íslensku skólakerfi og ætti að vera forgangsmál að auka vægi rannsókna á því sviði.

Með auknum rannsóknum fengist betri yfirsýn yfir kennsluhætti og fjölbreytni s.s. vægi verklegs þáttar í náttúrufræðikennslu svo dæmi sé nefnt. Það tengist líka mikilvægum þætti í þessu sambandi en það er menntun kennara og tækifæri til endurmenntunar. Liggja fyrir upplýsingar um fagþekkingu kennara í grunnskólum og hvort yfirleitt er mögulegt að bæta við tímum í náttúrufræði þannig að kennslan sé mönnuð af fólki með fagþekkingu? Of fá tækifæri hafa verið fyrir kennara, sérstaklega á landsbyggðinni til að sækja sér endurmenntun og það má leiða líkur að því að aukin endurmenntun leiði af sér aukna fjölbreytni í kennsluháttum og sterkari faglegan grunn að byggja á. Tæki til endurmenntunar eru aðgengileg en áherslum og breytingum í námskrá er ekki nægilega fylgt eftir með endurmenntun. Þar má nefna viðamikla þætti eins og læsi og skóla án aðgreiningar.

Hvað varðar íslensku sérstaklega er mikil umræða meðal kennara um áherslur í íslenskukennslu og hvort þær séu réttar. Hvaða hugmyndir liggja fyrir um hvernig nýta á þann aukna tíma í íslensku sem lagt er til að verði á yngsta og miðstigi? Þættir eins og aðgengi að lesefni / bókum skipta miklu máli og mætti benda á að kanna þarf umhverfi skóla- og almenningubókasafna. Mörg börn og sérstaklega ungmenni lesa orðið frekar bókmenntir á ensku þar sem aðgengi að þeim er betra og fjölbreytnin miklu meiri. Það hefur fljótt áhrif á móðurmálþekkingu þeirra og áhrif þess til lengri tíma ófyrirséð. Því þyrfti að stefna á mun öflugri útgáfu á bókum, ekki síst þýddum bókum, fyrir börn og unglunga því það er undirstaða þess að þau nái færni í lestri að þau hafi lesefni sem þau hafa áhuga á. Gera þarf kröfur um gæði þeirra bókmennta sem gefnar eru út eru fyrir börn og unglunga.

Þeirri spurningu er velt upp hvort orðaforði í PISA-prófum sé þannig að börn skilji hann ekki til fullnustu en áhyggjur eru meðal kennara um að hugtakaskilningur barna fari versnandi. Það tengist því sem bent var á hér að ofan að lestur á móðurmálinu skilar meiri orðaforða og auknum lesskilningi. Rætt hefur verið að máluppeldi á heimilum sé ekki hið sama og áður og ólíklegt að skólinn einn geti bætt miklu þar um.

Kennarar benda á að stórauka mætti samþættingu námsgreina og að stundarskrárviðmið einstakra greina geti verið þar hamlandi. Þannig þyrfti að horfa til skipulags skólastarfsins í heild og ræða hvort ekki væru tækifæri til að auka vægi greina með aukinni samþættingu. Almennt liggja straumar í kennslufræðum til aukinnar samþættingar og valdeflingar nemenda m.a. með því að þeir hafi meira val um viðfangsefni, tímalínur og fleira.

Vert er að ræða ávinning þess að fjölga skóladögum þar sem aðstæður í samfélaginu hafa breyst mikið síðustu áratugi en skólaárið ekki í samræmi við það nema að litlu leyti.

Kennarar Egilsstaðaskóla lýsa ánægju sinni með að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá en telja jafnframt, í ljósi þess sem að ofan er ritað, að huga þurfi að ýmsum þáttum áður en þessi breyting væri samþykkt og kæmi til framkvæmda.

Kennarafundur í Egilsstaðaskóla,
Egilsstöðum, 28. september 2020